




Fráveitulagnir sveitarfélaga - Nafngiftir og skilgreiningar -

0 ALMENNT

Í þessu blaði er fjallað um nokkrar algengar nafngiftir og skilgreiningar varðandi fráveitulagnir sveitarfélaga. Blaðið er einkum ætlað tæknimönnum og þeim sem vinna að lagna-
málum. Ljóst er að samræmdar nafngiftir eru nauðsynlegar svo klárt sé að menn séu að fjalla um sömu þætti þegar þessi mál eru annars vegar. Rannsóknastofnun byggingar-
iðnaðarins hefur á undanförunum árum mjög eflit rannsóknir og ráðgjöf á sviði lagnatækni og er þetta blað liður í því átaki.



1 SKILGREININGAR

1.1 Bakrásarvatn

Vatn frá hitakerfum húsa. Vatnið er lítt mengað af öðru en varma.

1.2 Blandkerfi

Fráveitukerfi, þar sem skólþ rennur í sömu leiðslum og ofanvatn.

1.3 Tvískipt kerfi

Fráveitukerfi, þar sem skólþ og ofanvatn rennur í aðskildum leiðslum.

1.4 Fráræsi

Holræsi án greininga, sem tengir fráveitukerfi húss og lóðar við fráveitukerfi sveitarfélags eða liggur beint til viðtaka.

1.5 Fráveita

Kerfi af leiðslum og öðrum mannvirkjum til þess að veita vatni frá byggð til viðtaka, þar með talin kerfi til meðhöndlunar og hreinsunar fráveituvatns, ef með þarf.

Helstu hlutar fráveitu eru fráræsi frá húsum og lóðum, niðurföll fyrir ofanvatn, götuholræsi, stofnræsi, sniðræsi, útræsi og útrásir og annað, sem tilheyrir, þar á meðal léttivirki, dælustöðvar, hreinsibúnaður og hreinsistöðvar.

1.6 Fráveituleiðsla

Leiðsla fyrir fráveituvatn.

1.7 Fráveituvatn

Vatn, sem veitt er í leiðslu frá byggð til viðtaka. Fráveituvatn er efnablanda. Hér á landi er það einkum ofanvatn vegna úrkomu, skólþ frá húsum og vinnustöðum, bakrásarvatn frá hitaveitukerfum, ræsivatn og innlekavatn holræsa.

1.8 Götufráræsi

Sá hluti fráræsis frá húsi og/eða lóð, sem liggur úti í götu.

1.9 Götuholræsi

Holræsi í eigu sveitarfélags, venjulega í eða við götu. Fráræsi frá húsum og lóðum ásamt niðurfallsræsum götu eru tengd við götuholræsi.

1.10 Húsaskólþ

Skólþ frá íbúðum, skrifstofum, veitingahúsum, skólum og öðrum stofnunum, þar sem ekki er iðnaðarstarfsemi.

1.11 Iðnaðarskólþ

Skólþ frá iðnaðarstarfsemi, bæði frá vinnustöðum (þar með kælivatn og skolvatn) og frá bækistöðvum starfslíðs.

1.12 Innlekavatn

Vatn, sem sígur neðanjarðar inn í óþéttar fráveituleiðslur.

1.13 Léttivirki

Mannvirki í fráveitukerfi til þess ætlað að létta um stund rennslisálagi af tilteknum hluta kerfisins, t.d. af leiðslu, dælu- eða hreinsistöð, einkum þegar úrkoma er mikil.



Fráveitulagnir sveitarfélaga - Nafngiftir og skilgreiningar -

- 1.14 Ofanvatn**
Afrennslisvatn af landsvæði, þar sem yfirborð er tiltölulega vatnspétt (t.d. af götum og húspökum) og vatnið rennur greiðlega um niðurföll niður í fráveituleiðslur.
- 1.15 Ofanvatnslögn**
Fráveitulögn fyrir ofanvatn og e.t.v. annað tiltölulega lítt mengað vatn svo sem bakrásarvatn frá hitaveitu.
- 1.16 Ofanvatnsræsi**
Fráveituræsi, sem ætlað er fyrir ofanvatn, bakrásarvatn, ræsivatn og innlekavatn, en ekki skólþ.
- 1.17 Rotþró**
Vatnspétt lokuð þró til frumstæðrar hreinsunar á húsaskólpi, venjulega frá einstöku húsi.
- 1.18 Ræsirör**
Rör með götum og/eða opnum samskeytum til að taka við jarðvatni og leiða það brott.
- 1.19 Ræsivatn**
Vatn, sem safnað er saman neðanjarðar í ræsirör og leitt brott.
- 1.20 Skilja**
Búnaður til þess að skilja tiltekin efni úr efna-blöndu. Dæmi: Sandskilja, fituskilja, olíuskilja, bensínkilja.
- 1.21 Sniðræsi**
Meiri háttar holræsi, sem í er safnað frá-veituvatni úr stofnræsum, er liggja í átt til sjávar, stöðuvatns eða straumvatns.
- 1.22 Stofnræsi**
Holræsi, sem fráveituvatn af tiltölulega stóru svæði rennur í.
- 1.23 Sytturrör**
Fráveiturör með götum á rörbotni til þess að vatn geti sytrað niður úr því.
- 1.24 Sytturleiðsla**
Leiðsla, gerð úr sytturrörum og lögð í óþetta jörð.
- 1.25 Útræsi**
Leiðsla, sem fráveituvatn rennur eftir frá útræsisbrunni út að förgunarstað í viðtaka.
- 1.26 Útrás**
Umbúnaður á útræsi á förgunarstað, þar sem fráveituvatn rennur í viðtaka.
- 1.27 Viðtaki**
Staður eða hluti af náttúrunni, sem tekur við fráveituvatni, þegar fráveitu sleppir, hvort sem vatnið hefur verið hreinsað eða ekki.
- Viðtaki getur verið haf, stöðuvatn, straumvatn eða jarðlög.
- 2 HEIMILDIR:**
- Reglugerð um fráveitu í Kópavogsbæ 1998
 - Byggingareglugerð 1998
- Ráðgjöf:
Einar Þorsteinsson, tæknifræðingur
- Ritvinnsla, umbrot og myndskreyting:
Hólmfríður Jóhannesdóttir
- Prentun: Steindórsprent Gutenberg ehf.

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL